

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um strandferðir 1892. — 147
7. nóv.

Eptir að beiðzt hafði verið yfirlýsingar hins sameinaða gufuskipafjelags um það, hvort það sæi sjer fært að ganga að ferðaáætlun, sem fullnægði skilyrðum þeim fyrir útborgun tillagsins af landssjóði Íslands til gufuskipferða kringum landið, sem veitt er í fjárlög- unum fyrir 1892 og 1893, er öðluðust staðfestingu konungs 6. p. m., og ef það sæi sjer það ekki fært, þá hverja ferðakosti fjelagið vildi bjóða gegn því að fá að eins þær 40000 krónur, sem veittar eru af ríkissjóði Dana til gufuskipferða milli Danmerkur og Íslands, í stað þeirra 58000 króna, er um ræðir í samningi þeim, er ráðaneytið gjörði við fjelagið 2. nóv. 1889, hefir fjelagið lýst því yfir, að það sjái sjer ekki fært að ganga að hinum settu skilyrðum, og geti því ekki tekið á móti fje því, sem veitt er af lands- sjóði; upphæð þessi verður þannig ekki notuð. Fjelagið hefir aptur á móti boðist til að halda strandferðum uppi samkvæmt uppkasti til ferðaáætlunar, er það hefur samið, sem er í öllum meginatriðum samkvæmt ferðaáætlununum fyrir árin 1888 og 1889, Eptir að yfirstjórn póstmálanna hafði fallizt á nefnt áætlunarpkkast, hefur ráða- neytið síðan samþykkt og gengið að áætluninni hinn 3. p. m.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi, til þóknan- legrar leiðbeiningar og birtingar í B. deild stjórnartíðindanna, og fylgja hjermeð nokk- ur eintök af ferðaáætlun þeirri, sem þannig er fastsett orðin.

Agrip

148

af sýslusjóðsreikningum í vesturamtinu 1890.

I. Mýrasýsla:

Tekjur:	Kr. a.	Kr. a.
1. Eptirstöðvar frá f. á.		807 17
2. Niðurjöfnunargjald		335 25
3. Vegagjald		492 70
4. Vextir af gullbrúðkaupslegati Bjarna amtm. Þorsteinssonar og konu hans árin 1889 og 1890 til viðgjörðar á Arnar- stapaveginum, 100 kr. hvort árið		200 00
5. Afborgun og vextir af skuld 2 hreppa		448 00
		<hr/> 2283 12
Gjöld:		
1. Sýslugjöld		1103 04
2. Vegabótakostnaður		915 69
3. Eptirstöðvar til næsta árs:		
a) Niðurjöfnunargjald	86 98	
b) Vegagjald	177 41	264 39
		<hr/> 2283 12

II. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla:

Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá f. á.		13 60
2. Niðurjöfnunargjald		628 92
		<hr/> Flyt: 642 52

31. dag desembermán, 1891.